

## **Frumvarp að tillögu að breytingu á lögum foreldrafélags Jötunheima.**

### 1. gr.

Breyting á framsetningu lagatilvísunar í 1. gr. laganna, þannig að í stað orðanna „laga um leikskóla nr. 90 frá 2008“ koma orðin „laga nr. 90/2008 um leikskóla“.

### 2. gr.

Breyting á orðalagi 2. gr. laganna, þannig að í stað orðsins „í“ kemur orðið „að“.

### 3. gr.

Breyting á orðalagi 4. gr. laganna, þannig að á undan orðinu „að“ bætist orðið „því“.

### 4. gr.

Breyting á efni 7. gr. greinar laganna. Ný grein hljóðar svo: „Stjórn félagsins skal kjörin á aðalfundi og skipuð fimm manns sem kjörnir eru til eins árs í senn. Formaður skal kjörinn sérstaklega en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum. Ákjósanlegast er að forráðamenn bæði yngri og eldri deilda leikskólans eigi fulltrúa í stjórn. Auk formanns skal stjórn skipuð varaformanni, ritara, gjaldkera og meðstjórnanda. Stjórn skal funda svo oft sem þurfa þykir, þó ekki sjaldnar en tvisvar sinnum á skólaári. Formaður boðar til stjórnarfunda og stýrir þeim eða varaformaður í hans forföllum. Ritari annast fundarritun. Gjaldkeri annast fjárreiður félagsins og fer með prókuru þess.“

### 5. gr.

Breyting á orðalagi 8. gr. laganna, þannig að í stað orðanna „um starfsemi félagsins“ í a. lið greinarinnar kemur orðið „stjórnar“ og í stað orðanna „um árgjald“ í e. lið greinarinnar kemur orðið „árgjalds“.

### 6. gr.

Viðbót við 10. gr. laganna, þannig að í lok hennar bætast við orðin „eða til gjafa til leikskólans.“

## **Greinargerð með frumvarpi**

### Um 1. – 3. gr.

Breyting á orðalagi og framsetningu. Ekki þörf á nánari skýringu.

### Um 4. gr.

Lagt er til að í stað sex manna stjórnar, þar sem miðað er við að hver deild eigi sinn fulltrúa, sé stjórnin skipuð fimm manns og miðað við að bæði eldri og yngri deildir eigi þar fulltrúa. Ljóst er að deildir leikskólans eru nú átta og stefnt á að þeim verði fjölgað í tólf á næstu árum. Ekki þykir ástæða til að fjölga stjórnarmeðliðum samhliða, þannig að hver deild eigi þar sinn fulltrúa. Ennfremur hefur reynslan sýnt að ekki hefur tekist að manna stjórnina þannig að hver deild eigi þar sinn fulltrúa. Einnig er lagt til að stjórn verði kjörin ár hvert

líkt og formaður, enda ljóst að forráðamenn elstu barna leikskólans ganga úr félaginu við útskrift barnanna og ekki ákjósanlegt að þeir sitji þá áfram í stjórn félagsins, hafi þeir hlotið kjör á síðasta ári barns síns í leikskólanum. Þá er og lagt til að firmaritun félagsins færist frá meirihluta stjórnar til gjaldkera sem fari með prókúru þess.

Um 5. gr.

Breyting á orðalagi. Ekki þörf á nánari skýringu.


Um 6. gr.

Lagt er til að færa ákvæðið til samræmis við starfsvenjur stjórnar. Síðustu ár hefur rekstrarafgangi félagsins verið varið til gjafa leikskólanum til handa og þykir rétt að veita heimild fyrir því í lögum félagsins.

f.h. stjórnar félagsins



Dagbjört Sævarsdóttir



Sólveig Ingaðóttir